

- 7.2. Gerð og fyrirkomulag olíuskiljubúnaðar er háð samþykki Siglingamálastofnunar ríkisins, og skal stofnunin gefa út leiðbeiningar fyrir eigendur oliubirgðastöðva við hönnun á slíkum búnaði.

8. gr.

Eftirlit.

- 8.1. Siglingamálastofnun ríkisins hefur eftirlit með framkvæmd þessara reglna.

9. gr.

Refsingar.

- 9.1. Brot gegn reglum þessum skulu varða sektum, nema þyngrri refsing liggja við samkvæmt öðrum ákvæðum.

10. gr.

Gildistaka.

- 10.1. Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 3. gr. laga nr. 77, 10. maí 1966, birtast hér með til að öðlast þegar gildi gagnvart oliubirgðastöðvum, sem byggðar eru eftir gildistöku reglanna, en stefnt skal að því að koma eldri oliubirgðastöðvum, sem fyrst, í sama horf.

Samgönguráðuneytið, 10. september 1982.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.

AUGLÝSING**um staðfestingu á uppdrætti af aðalskipulagi Ísafjarðar.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 20. september 1982 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Ísafjarðar.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af bæjarstjórn Ísafjarðar og Skipulagsstjórn ríkisins.

Jafnframt er úr gildi felldur skipulagsuppdráttur sá af Ísafirði, sem staðfestur var af félagsmálaráðuneytinu 16. mars 1927.

Félagsmálaráðuneytið, 22. september 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmsfríður Snæbjörnsdóttir.